

**Ed.**

**451. Nefndarálit**

[141. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frumvarpið, og vill meiri hlutinn fella málið með frávísun, en við, sem minni hlutann skipum, erum því mótfallnir og erum samþykkir frumvarpinu.

Rökin, sem fram hafa verið færð í nefndinni fyrir því, að jörð þessi skuli ekki seld, eru þau, að hún liggi milli tveggja annarra ríkisjarða og sala hennar fleygi þannig í sundur landareign ríkisins. En hér er um sjálfstæð lögbýli að ræða, og hvergi annars staðar hefur þess orðið vart, að stefnt væri sérstaklega að því af stjórnvalda hálfu, að ríkið dragi undir sig eða kappkosti að halda í sinni eigu samfelldri eign jarða vegna búnytja einna saman, svo að tæpast verður það tekið alvarlega, að sú óvenjulega andspyrna, sem mál þetta hefur mætt á Alþingi nú og á síðustu árum, eigi sér þau ein rök, sem fram eru flutt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja fyrri eiganda, Jóhönnu Sæmundsdóttur, jörð þessa. Hún var ábúandi jarðarinnar allt þar til ríkið ákvað fyrirhleðslur og breytingar á vatnasvæði jarðarinnar, þannig að veitt skyldi saman ánum Hafursá og Klifanda vegna brúargerðar. Þá var talið, að jörðin yrði ekki lengur byggileg, en ríkið gerðist kaupandi að henni. Allt um það hélt Jóhanna þó ábúð á henni, og hún og hennar fólk hefur jafnan nýtt Holt, þótt það yrði sér úti um aðra jörð til ábýlis í nágrenninu.

Nú þegar ljóst er orðið, að ágangur vatns á Holt er minni en óttázt var í fyrstu, virðist eðlilegt, miðað við þá stefnu, sem ríkt hefur um kaup og sölu á ríkisjörðum, að fyrri eiganda sé gerður kostur á að eignast jörðina að nýju.

Engu að síður viljum við taka tillit til þess sjónarmiðs, að hagkvæmt geti verið, að jarðeignir ríkisins séu sem samfelldastar. Þess vegna teljum við vel koma til greina að selja jörðina ekki, ef ráðuneytið telur það fara í bága við hagsmuni ríkisins og óskar ekki eftir að nota heimildina, sem í frumvarpinu felst. Hins vegar teljum við það alveg fráleitt, að núverandi aðilar, sem nýttja jörðina og hafa gert lengi, verði sviptir ábúðar- eða nytjarétti hennar, enda ekki venja, að brúargerðir ríkisins séu látnar skaða nágranna slíkra mannvirkja. Þess vegna getum við hugsað okkur og gerum, það að tillögu okkar í von um, að til samkomulags megi verða, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGARTILLÖGU:**

Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Nú verður ekki af því, að heimild þessi verði notuð á yfirstandandi ári, og skal Jóhönnu Sæmundsdóttur þá gefinn kostur á ábúð jarðarinnar með erfðafestu.

Alþingi, 11. apríl 1969.

Karl Guðjónsson,  
frsm.

Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.